

Samningur leigu á tjaldsvæðinu á Flateyri

Samningur þessi er á milli Litlabýlis Guesthouse kt. 500615-1090 hér eftir leigutaki og Ísafjarðarbæjar kt. 540596-2639 hér eftir leigusali.

1. gr.

Leigutaki tekur á leigu tjaldsvæði við Bót á Flateyri, samningstími er frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017.

2. gr.

Um er að ræða tjaldsvæði sem er um 4700m² að stærð og 5,8m² þjónustuhús byggt árið 1999 fastanúmer 224-3940 (sjá mynd).



3. gr.

Leigusali mun við undirritun leigusamnings skila svæðinu til leigutaka í ásættanlegu ásigkomulagi, þ.e. salerni verða hrein og tilbúin til notkunar, flatir slegnar og trjágróður

klipptur. Eftir undirritun samnings mun leigutaki reka salerni og halda við flötum og trjágróðri á svæðinu á sinn kostnað og kosta alla þá vinnu og innkaup á hreinlætisvörum sem við á.

4. gr.

Leigutaki mun á sinn kostnað halda salerni opnu fyrir alla ferðamenn ekki einungis þá sem gista á tjaldsvæðinu.

5. gr.

Leigutaki skal sjá til þess að tjaldsvæðið sjálft sé vel hirt meðan á leigutíma stendur, þ.e. flatir slegnar, trjágróður snyrtur og salerni hreint.

6. gr.

Samningi þessum má segja upp með 3 mánaða fyrirvara af hálfu beggja samningsaðila.

7. gr.

Í lok leigutíma mun leigutaki skila svæðinu í sama ásigkomulagi og það var við upphaf leigutíma.

8. gr.

Leigutaka verður heimilt að innheimta gjald fyrir gistingu á svæðinu.

9. gr.

Leigufjárhæð verður í samræmi við kostnað leigutaka við umhirðu á tjaldsvæðinu.

Ísafirði 13. júní 2016

F.h. Ísafjarðarbæjar



Vottar, dags. og undirskrift

Helga Þ. Magnúsdóttir

F.h. Litlabýli Guesthouse

Kristín Þekursd.